

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Akureyri 22.janúar 2018

Efni : Tilkynning um nýtt rekstrarleyfi fyrir klakfiskastöð Íslandsbleikju ehf að Sigtúnum í Öxarfirði

Íslandsbleikja ehf tilkynnir hér með formlega um að sótt hefur verið um sérstakt rekstrarleyfi fyrir í klakfiskastöð félagsins í Sigtúnum í Öxarfirði.

Forsaga starfsseminnar eins og hún er í dag er sú að Íslandsbleikja (áður Silfurstjarnan) gerði árið 2010 samstarfssamning við bleikjukynbótastöð Hólaskóla, en samkvæmt honum átti Íslandsbleikja að taka að sér og kosta eldi og varðveislu á úrtaki úr hverjum árgangi bleikjukynbótanna á Hólum í eldisstöð sinni að Sigtúnum. Þetta var hugsað til þess að Hólar ættu þarna vara-klakfisk ef eitthvað kæmi upp á í kynbótastöðinni að Hólum. Íslandsbleikju er samkvæmt samningi þessum heimilt að nýta klakfiskinn til hrognaframleiðslu (sjá samning í fylgiskjali). Í Sigtúnum eru nú 3 ljósastýrðir hópum af klakfiski sem gefa af sér samtals um 330 lítra af hrognum árlega. Stefnt er á að stækka hrygningarhópana á næstu árum og auka við hrognaframleiðslu og þegar hefur verið bætt við 4 nýjum kerjum svo að og hægt sé að fjölga fiskum í ljósastýrðum hópum. Sú framkvæmd var gerð í samstarfi við landeiganda og skipulags- og byggingafulltrúa Norðurþings og verður frágangi við framkvæmdina lokið sumarið 2018.

Til ársins 2010 voru framleidd bleikjuseiði í Sigtúnum en stöðin var byggð um 1990, þarna fór því fram bleikjuseiðaframleiðsla í 20 ár áður en stöðin var nýtt undir klakfisk og núverandi starfsemi.

Stöðin hefur frá upphafi verið rekin undir starfs- og rekstrarleyfi Íslandsbleikju Núpsmýri í Öxarfirði (áður Silfurstjarnan) en MAST hefur nú sett fram þá kröfu að rekstraraðili sæki um sérstakt rekstrarleyfi fyrir klakfiskastöðina. Sótt hefur verið um rekstrarleyfið til MAST, en MAST kallaði eftir álit Skipulagsstofnunar á því hvort umrædd starfsemi væri matsskyld.

Tengiliðir umsækjanda:

Jón Kjartan Jónsson

netfang: jkj@samherji.is

Heiðdís Smáradóttir

netfang: heiddis@samherji.is

Arnar Freyr Jónsson

netfang: afj@samherji.is

1.Lýsing á starfssemi

1.1.Hroгнаframleiðsla

Framleiðsla hroгна í Sigtúnum mun fara fram með sama hætti og hingað til. Um er að ræða þrjá ljósastýrða hópa sem hrygna á mismunandi tímum ársins. Hóparnir gefa af sér samtals um 330 lítra af hroгnum á ári, sem eru nýttir í framleiðslu Íslandsbleikju (Íslandsbleikju er ekki heimilt að selja þessi hroгn). Að meðaltali er fjöldi fiska í stöðinni um 5500-6000 fiskar – með meðalþyngd á bilinu 60g til 6 kg og meðal lífmassi í stöðinni á milli 5,0 og 6,0 tonn.

Hver klakfiskur nýtist aðeins í 3-4 skipti í hrygningu eftir að hann er orðinn kynþroska. Árlega dettur því hluti af elsta fiskinum út (drepst eða er fargað – nýttur í loðdýrafóður). Kynbótastöðin á Hólum sendir árlega til Sigtúna hóp af sérvöldum kynbóta-seiðum sem nýtast til endurnýjunar klakfiskahópanna þriggja.

Fyrirséð er að bleikjuframleiðsla muni aukast töluvert á næstu árum með tilkomu fyrirtækisins Matorku og stækkun eldisstöðva Íslandsbleikju. Það er því ljóst er að kynbótastöðin á Hólum mun ekki geta ekki framleitt það hroгnamagn sem þarf til að standa undir þeirri aukningu. Nýlega var bætt við 4 kerjum í Sigtúnum til að auka eldisrými en það gefur svigrúm til þess að fjölga klakfiskum í hverjum hrygningarhóp og auka þannig við hroгнаframleiðsluna. Stækkun klakfiskahópa tekur langan tíma og mun ekki verða að fullu lokið fyrr en 2024. Þá má reikna með að lífmassinn í stöðinni verði um 10 - 11 tonn. Ekki er um eiginlegt fiskeldi/framleiðslu að ræða, en heildar vöxtur á árinu 2017 var um 3 tonn. Eftir fulla stækkun má reikna með tvöföldun á þeim vexti eða um 6 tonn á ári.

1.2. Önnur starfssemi


Framleiðsla á eldisfiski í Öxarfirði er mest hjá Íslandsbleikju Núpsmýri en þar er verið að sækja um stækkun leyfis úr 1600 í 3000 tonn, Rifós hf hefur leyfi til framleiðslu á allt að 1000 tonnum af bleikju og laxi við og í svokölluðu Innra Lóni í Kelduhverfi. Framleiðsla þar hefur líkt og hjá Íslandsbleikju Núpsmýri, verið töluvert undir leyfilegu magni síðustu ár.

1.3. Eldisbúnaður og fyrirkomulag

Eldiskerin í Sigtúnum eru úr trefjaplasi. Heildar eldisrými stöðvarinnar í dag er um 502 m³ og ekki stendur til að stækka stöðina umfram það. Töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á stöðinni síðustu árin og hafa þær allar verið gerðar í samráði við landeiganda og skipulags- og byggingafulltrúna Norðurþings (sjá samning við landeiganda í fylgiskjali).

Smáseiði frá Hólum eru alin í kerjum inni í húsi en þar eru einnig ker sem nýtt eru til flokkunar og geymslu hrygningarfisks í þær vikur sem hrygning stendur yfir í hverjum hóp. Lítil útiker meðfram húsinu eru notuð til ljósastýringar og geymslu á seiðum (verðandi klakfiski) en stóru kerin (50m³ ker) eru notuð fyrir stærri fisk (sjá mynd 1).

Aðeins einn starfsmaður er að jafnaði að störfum í stöðinni en á hrygningartíma bætast við 1 – 2 aðstoðarmenn sem annars starfa hjá Íslandsbleikju í Núpsmýri.



Mynd 1. Yfirlit yfir ker og byggingar í Sigtúnun. Stærstu kerin eru 50m³ að stærð, 6m í þvermál. Kerin sem sýnd eru með rauðum lit eru nýjustu kerin sem ekki eru enn komin í notkun.

Fóðurnotkun og fóðrunaraðferðir

Fiskurinn er fóðraður eftir lyst og eru fóðrarar staðsettir yfir/við öll ker. Klakfiskur hættir að éta c.a. 4 vikur fyrir hrygningu og byrjar ekki að éta aftur fyrr en nokkrum vikum eftir hrygningu. Vel er fylgst með áti hrygningarfisks og um leið og verður vart við minni lyst er dregið úr fóðrun. Fóðurnýting versnar eftir því sem fiskurinn verður stærri og stærstu fiskarnir 3-6 kg nýta fóðrið ekki vel til vaxtar. Heildar fóðrun á árinu 2017 var um 5 tonn. Eftir stækkun er reiknað með að heildar fóðrun verði á bilinu 10-11 tonn á ári.

Samsetning fóðurs

Notað er fiskeldisfóður frá fóðurverksmiðjunni Laxá, seiðafóður fyrir seiðin og sérstakt klakfiskafóður fyrir stærri fisk. Efni sem eru notuð í eldinu eru hreinsiefni sem notuð eru til að þrifa ker þegar þau eru tæmd.

Tafla 1 sýnir áætlaða næringarsamsetningu fódursins en gera má ráð fyrir talsverðri óvissu í hverjum þætti. Gert er ráð fyrir að nota eingöngu fóður frá Laxá sem gert verður úr hágæða fiskimjöli, lýsi, repjuolíu, maís, hveiti, sojamjöli, vítamíni, steinefnum og náttúrulegu litarefni.

Tafla 1. Áætluð næringarefnasamsetning fódurs til eldisins

Meltanleg orka MJ/kg	Brúttó orka MJ/kg	Prótein %	Fita %	Kolvetni %	Aska %	Þurrefni %
22	24	38	29	14	7	92

Reikna má með verri fódurnýtingu við geymslu á klakfiski heldur en við hefðbundið eldi á matfiski. Fiskurinn nýtir fódrið aðeins að hluta til vaxtar og mikil orka fer í myndun hroga og svilja. Þannig minnkar fódurnýting fiska með aukinni þyngd og fódurstuðullinn verður þar af leiðandi hærri.

Í töflu 2 eru sýndir hefðbundnir útreikningar á losun næringarefna í eldi laxfiska (Wang et. al. 2012). Hér er tekið er tillit til hærri fódurstuðuls og þess að heldur meira fóður fer til spillis. Athugið að í töflunni er sýnd heildar losun á einu ári eftir fulla stækkun.

Tafla 2. Áætluð losun næringarefna á ári eftir stækkun

Brúttó vöxtur : 6000kg Fódurnotkun 10 tonn	Í fódri		Óetið fóður		Í vöxt		Ólifræn efni		Lifræn úrgangsefni			Samtals
	kg	%	kg	%	kg	%	kg	%	kg	þar af uppleyst	í föstu formi	kg
Kolefni (C)	5416	5%	271	30%	1625	48%	2600	22%	1192	179 kg	1013 kg	3791
Köfnunarefni (N)	754	5%	38	37,5%	283	45,0%	339	17,5%	132	20 kg	112 kg	471
Fósórf (P)	127	5%	6	30,0%	38	18,0%	23	52,0%	66	10 kg	56 kg	89
									Samtal 1390 kg	208 kg	1181 kg	4352 kg

Reiknað er með að heildar losun næringarefna á ári geti orðið um 4,3 tonn á ári eða um 12kg á dag og af því er aðeins 25% á föstu formi.

Íslandsbleikja notar hugbúnaðinn Farm Control, sem er framleiðslustýringarkerfi fyrir fiskeldisstöðvar. Slíkt kerfi auðveldar allt eftirlit. Fóðrun, dauði, meðalvigt, hitastig ofl. eru slegin inn í kerfið svo eitthvað sé nefnt.

1.4. Samræmi við skipulagsáætlanir og deiliskipulag

Staðsetning húss og kerja í Sigtúnum er innan lóðamarka skilgreinds iðnaðarsvæðis í aðaldeiliskipulagi Norðurþings.

Sjá mynd í viðauka 1 – lóð Sigtúna er merkt inn á kortið sem I3. Sjá einnig á slóðinni:

<https://www.nordurthing.is/static/files/adalskipulag-2010-2030/uppdraettir/sveitarfelagsuppdrattur.pdf>

2. Helstu umhverfisáhrif

Vatnsmál

Vatn til eldisins er fengið úr uppsprettulindum á svæðinu ofan við stöðina. Aðeins er um að ræða sjálfrennandi vatn (engin dæling). Heildarmagn nýtanlegs vatns á svæðinu er á bilinu 100/120 l/sek og verður eingöngu um gegnumrennsliskerfi að ræða (notkun í dag er um 50 l/sek). Frárennslis stöðvarinnar rennur í bæjarlæk sem á upptök sín í vatnslindum í landi Sigtúna

og þaðan c.a. 50 metra leið í ána Landsá. Landsá rennur svo um 2 km leið út í Jökulsá á fjöllum. Myndir sem sýna staðsetningu Sigtúna í stærra samhengi, legu stöðvarinnar, frárennsli og farveg Landsár út í Jökulsá á fjöllum um bújarðirnar Austaraland og Vestaraland eru að finna í viðauka 1.

Í skýrslu sem Lúðvík S. Georgsson ofl tóku saman árið 1989 sem ber nafnið „Skilyrði til Fiskeldis í Öxarfirði“ kemur fram að meðal vatnsmagn Landsár sé um 600l/sek. Smáfiskur gengur stundum upp í Landsá úr Jökulsá á Fjöllum en áin er ekki nýtt sem veiðiá. Rekstraraðili telur að þrátt fyrir að vatnsmagn frá stöðinni komi til með að tvöfaldast (úr 50l/sek í 100 l/sek) sé afar ólíklegt að starfsemin hafi í för með sér teljandi neikvæð umhverfisáhrif.

Gróður, landslag og friðlýst svæði

Gróðurinn sem er að finna í landi Sigtúna eru þýft graslendi meðfram vegi, við útiker og meðfram ánni. Gróðurfarið utan athafnasvæðisins er að mestu leyti tún og þýft graslendi og einnig er þar að finna lágvaxinn kjarrgróður. Friðlýst svæði Jökulsárþjóðgarðs er að finna vestan Jökulsár (ekki austan við) og því er ekki um að ræða nálægð við eða möguleg áhrif á friðlýst svæði.

2.1 Villtir fiskistofnar

Um er að ræða ker á landi úr trefjaplasi. Við útfall allra kerja eru rammgerðar ristar úr ryðfríu stáli sem varna því að fiskur berist út úr kerjum með frárennslinu. Aldrei hefur orðið vart við að fiskur hafi sloppið úr kerjum í Sigtúnum. Þegar frágangi við nýjustu kerin lýkur sumarið 2018, verður sett upp rist við endann á rörinu þar sem affallið frá stöðinni kemur út í lækinn, til að auka enn frekar öryggi varðandi mögulegar sleppingar á fiski.

3.Eftirlit

3.1 Losun úrgangs- og næringarefna

Virkt eftirlit er með fóðrun í kerin og henni stjórnað til að lágmarka soun á fóðri og hámarka nýtingu. Útreikningar á losun lífrænna efna eru sýndir í lið1.3. hér að framan

3.2.Innra eftirlit

Notast verður við framleiðslustýringarkerfið FarmControl. Í þetta kerfi verða færðar inn allar upplýsingar um daglegan rekstur svo sem fóðrun, dauða, flokkun, innsetningu, meðalvigtarprufur, bóluefni, hita og margt fleira.

4. Samantekt

Stöðin í Sigtúnum hefur hingað til verið rekin undir starfs- og rekstrarleyfi Íslandsbleikju Núpsmýri í Öxarfirði (áður Silfurstjarnan) en MAST hefur nú sett fram kröfu um að rekstraraðili sæki um sérstakt rekstrarleyfi fyrir klakfiskastöðina. Starfssemin hefur undanfarin ár verið undir eftirliti UST og MAST og ekki hafa komið fram nein frávik í því eftirliti. Það má jafnframt taka fram að eldisstarfsemi hefur farið fram í Sigtúnum í tugi ára og aldrei hafa komið fram kvartanir vegna starfsseminnar.

Um er að ræða klakfiskastöð en ekki hefðbundið eldi og telur rekstraraðili að starfsemin muni ekki hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif. Rekstraraðili óskar hér með eftir álitum Skipulagsstofnunar á því hvort starfssemin þurfi að fara í umhverfismat.

Virðingarfyllt
f.h. Íslandsbleikju ehf.



Heiðís Smáradóttir
Verkefna- og gæðastjóri Íslandsbleikju ehf

Yfirlitsmynd – staðsetning stöðvarinnar:

